

- 37** Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og ber yður
30. júní að annast um að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.
 Þetta er yður, herra borgarstjóri, hjermeð til vitundar gefið.

38 **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til landlæknis,**
5. júlí **um flutning læknisbústaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra landlæknir, og með ráði sýslunefndanna í Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, ákveður ráðuneytið hjermeð, að hjer-aðslæknirinn í Hróarstunguhjæraði skuli sitja á Hjaltastað.

39 **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins**
22. júlí **í Eyjafjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 30. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Grund að Hrafnagili, enda annist hreppsnefndin um það, að til verði jafnan á hinum nýja stað hæfilegt hús til þinghaldanna,